

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Steinar Ásgeirsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Selfossi, 16. september 2024
UST202408-139/K.B.B.
10.04.02

Efni: Ósk um umsögn - aðalskipulag - breyting - Grímslækjarheiði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagið Ölfus er barst 16.8.2024 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi fyrir Grímslækjarheiði.

Í greinargerð kemur fram að gerð verði breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 fyrir Ytri-Grímslæk ÍB17 þar sem fyrirhugað er fjölga íbúðum úr 19 í 25. Auk þess er sett inn nýtt Vatnsból hefur verið staðsett fyrir hluta lóða og er það fært inn á aðalskipulag ásamt vatnsverndarsvæðum.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er aðallega á hrauni og er mosahraunavist og lynghraunavist ríkjandi á svæðinu, sem báðar hafa miðlungs verndargildi, samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Svæðið einkennist af mosagrónu og gropnu forsögulegu hrauni frá nútíma. Hraunið fellur undir ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013, 61. gr. um jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Náttúrufræðistofnun skilgreinir svæðið einnig sem mikilvægt fuglasvæði, eins og allt suðurlandsundirlendið.

Umhverfismat

Þar sem skipulagssvæðið nær til svæðis með fornsögulegt hraun frá nútíma sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er að mati Umhverfisstofnunar mikilvægt að fjalla sé um umhverfisáhrif breytinganna á hraunið. Þá er skipulagssvæðið auk þess mikilvægt fuglasvæði og er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjalla sé um áhrif tillögunnar á fuglalíf líkt og lagt er upp með að skoðað verði í umhverfismatsskýrslu.

Áhrif á vatn

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem starfsemin getur haft áhrif á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árosavatn og strandsjó).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar

¹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrrséð er álag á vatn).

Fyrirhugaðar breytingar hafa áhrif á grunnvatnshlotið Ölfusstraumur 3 (103-268-G), sem hefur umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlotsins er óþekkt og er því óflokkað vegna skorts á gögnum.

Gera þarf áhrifamat til þess að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar og hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála². Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðabætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotið. Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotið náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki.
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri. sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Virðingarfyllst,

Sverri Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur

² [Umhverfisstofnun - Stjórn vatnamála](#)

Kristín Björk Birgisdóttir
sérfræðingur